

Allt að 10 metra ölduhæð

Gangi spár eftir varðandi illviðrið sem fer að skella á landinu er um mannskaðaveður að ræða, að sögn Elínar Bjarkar Jónasdóttur, veðurfræðings á Veðurstofu Íslands, en gert er ráð fyrir allt að 33 m/□s á Norðurlandi vestra og 28-30 m/□s á Vestfjörðum, Breiðafirði, Faxaflóasvæðinu og Norðurlandi eystra. Ölduhæð gæti náð allt að 10 metrum. Og þegar við bætist að nú er stórstreymt gætu smábátar í höfn farið illa. Nú er talið að veðrið komi ívið austar að landinu en áður var gert ráð fyrir. Sjá nánar [hér](#).

Mynd: Veðurstofa Íslands.

Texti: Sigurður Ægisson | sae@sae.is.